

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. maí 2018

**Efni:** Umsögn um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum (vernd réttinda á vinnumarkaði, EES-mál).

### Meginefni frumvarpsins

Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að innleiða á Íslandi ákvæði tilskipunar 2014/67/ESB en einnig eru gerðar ýmsar aðrar breytingar á löggjöf sem ekki eiga sér hliðstæðu í tilskipunum ESB.

Samtök atvinnulífsins hafa unnið náið með Alþýðusambandi Íslands að tillögugerð til stjórnvalda um hvernig innleiða mætti tilskipun ESB 2014/67 með sem bestum hætti m.t.t. íslensks vinnumarkaðar, enda líta samtökin á það sem sameiginlegt verkefni að treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað þar sem gætt er að umsömdum réttindum launafólks.

Í [fyrrri umsögn SA til velferðarnefndar vegna þessa máls dags. 19. maí 2017](#) var gerð ítarleg grein fyrir frávikum frá tilskipun 2014/67 og með hvaða hætti gengið er lengra í frumvarpinu en tilskipunin gerir kröfu um. Frávik þessi byggja á greiningu aðila vinnumarkaðarins og gögnum frá Vinnumálastofnun, m.a. í hvaða starfsgreinum erlend þjónustufyrirtæki eru starfandi og hvar vandamál hafa komið upp vegna launagreiðslna til erlendra starfsmanna þeirra. SA telja að sátt hafi náðst um útfærslu, m.a. hvaða atvinnugreinar falli undir svokallaða „keðjuábyrgð“, og mæla með að sú sátt fái að standa.

Í því sambandi er rétt að nefna:

- Tekin er upp keðjuábyrgð í byggingariðnaði og mannvirkjagerð, en tilskipun ESB gerir einungis ráð fyrir ábyrgð gagnvart starfsmönnum undirverktaka sem er í beinu samningssambandi við verktaka. „Keðjan“ skv. tilskipuninni er því einungis milli tveggja fyrirtækja en getur verið mun lengri skv. frumvarpinu.
- Tilskipun ESB gerir kröfu um sérstakar ráðstafanir vegna byggingariðnaðar en í frumvarpinu er keðjuábyrgð einnig látin ná til mannvirkjagerðar og fyrirtækja sem kaupa þjónustu af starfsmannaleigum, óháð atvinnugrein.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar SA vegna þessa máls.

SA hafa hins vegar gert athugasemdir við margföldun dagsekta og innleiðingu stjórnvaldssekta sem er í litlu samræmi við aðra löggjöf þar sem sambærileg ákvæði er að finna. Þau eru ekki í nægilegri tengingu við þau brot sem þeim er ætlað bregðast við.

### **Val á starfsgreinum vegna keðjuábyrgðar**

Eðli máls samkvæmt felur innleiðing tilskipunar 2014/67 í sér að keðjuábyrgð nær til launa útsendra starfsmanna fyrirtækja sem hafa staðfestu í öðru EES landi. Hún nær því einungis til lítils hluta þeirra erlendu starfsmanna sem starfa á Íslandi, enda eru flestir erlendir starfsmenn í beinu ráðningarsambandi við íslensk fyrirtæki.

Þegar litið er til þeirra ágreiningsmála sem upp hafa komið hjá Vinnumálastofnun og stéttarfélagunum vegna útsendra starfsmanna þá afmarkast þau við byggingastarfsemi. Aðilar vinnumarkaðarins töldu þó rétt að ábyrgðin næði einnig til mannvirkjagerðar, enda koma erlend fyrirtæki gjarnan að stærri mannvirkjagerð, s.s. gangagerð.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa sammælst um að fylgjast vel með þróun mála og verði talin þörf á að fjölga atvinnugreinum sem undir keðjuábyrgð falla þá muni þeir sameiginlega leggja til breytingar.

### **Gildistaka keðjuábyrgðar**

Nýjar reglur um keðjuábyrgð ná til þeirra samninga sem notendafyrirtæki gerir við erlent fyrirtæki eftir gildistöku laganna. Mælst er til þess að Alþingi veiti hlutaðeigandi fyrirtækjum aukið svigrúm til að kynna sér og hrinda nýjum reglum í framkvæmd, m.a. til að ákveða verklag til að draga úr áhættu. Gildistöku ákvæða frumvarpsins um keðjuábyrgð verði því frestað til 1. ágúst nk.

### **Dagsektir og stjórnvaldssektir**


Í 21., 43., 48. og 67. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á dagsektarákvæðum laga um útsenda starfsmenn nr. 45/2007, starfsmannaleigur nr. 139/2005, vinnustaðaskírteini nr. 42/2010 og vinnuverndarlögum nr. 46/1980. Í öllum tilvikum er lagt til að dagsektir geti numið allt að 1 milljón króna. Í dag er hámark dagsekta kr. 100 þús. Rökstuðningur í athugasemdum með frumvarpinu er á þá leið að hækkunin sé „til samræmis við fjárhæð dagsekta skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.“ Engin úttekt hefur verið gerð á því hvort núgildandi dagsektarákvæði hafi ekki skilað tilgangi sínum. Að mati SA eru þessar tillögur ráðuneytisins ekki nægilega vel

unnar og órökstuddar og eðlilegt að velferðarnefnd meti hvort að tífoldun sektarfjárhæða sé réttlætanleg.

Sú meginregla gildir að refsing verði ekki gerð nema að ákvörðun dómstóla. Í 22. og 44. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um útsenda starfsmenn nr. 45/2007 og starfsmannaleigur nr. 139/2005. Innleidd eru ný ákvæði um stjórnvaldssektir og geta þær numið allt að 5 milljónum. Þegar litið er til sekta sem ákvarðaðar eru af dómstólum er ljóst að hér er stjórnvaldi veitt heimild til að ákvarða mjög háar sektir. Stjórnvaldi ætti ekki að vera heimilt að ákvarða hærri sekt en gera má ráð yfir að dómstólar munu dæma í sambærilegum málum en engin úttekt er í frumvarpinu á sektarákvörðunum dómstóla. SA telja að velferðarnefnd meti hvort svo há sektarheimild sé réttlætanleg.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



---

Ragnar Arnason, hdl.,  
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs